

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag nýbýlisins Laugarmýrar úr landi Lauga í fyrrum Hraungerðishreppi.*  
Skipulagssvæðið er 5 ha og er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 400 m<sup>2</sup> íbúðarhús, 120 m<sup>2</sup> starfsmannahús, 1.200 m<sup>2</sup> reiðhöll og önnur útihús allt að 100 m<sup>2</sup>.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2007.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Egilsstaða 1 í fyrrum Villingaholtshreppi.*  
Gert er ráð fyrir 5 frístundahúsalóðum og einni sameiginlegri lóð fyrir útivist á um 2,9 ha spildu. Hámarksstærð frístundahúsa skal vera allt að 100 m<sup>2</sup> og gestahúsa/-geymsluhúsa allt að 30 m<sup>2</sup>. Mænishæð frístundahúsanna skal mest vera 6 metrar yfir gólfplötu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2007.
3. *Deiliskipulag íbúðarlóðar úr landi Syðri-Valla í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi.*  
Gert er ráð fyrir allt að 250 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi og allt að 300 m<sup>2</sup> skemmu á 1,6 ha lóð. Mænishæð íbúðarhúss og skemmu skal vera allt að 7 m frá jörðu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 2. maí 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 6. september 2007.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. september 2007